

HVERFISRÁÐ HÁALEITIS OG BÚSTAÐA

Ár 2015, mánudaginn 16. mars kl. 15:30, var haldinn 130. fundur hverfisráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Síðumúla 39. Viðstödd voru: Dóra Magnúsdóttir, Hörður Oddfríðarson, Hjalti Sigurðarson (varamaður Elinóru Sigurðardóttur), Elín Oddný Sigurðardóttir, Sverrir Þór Sverrisson og Snorri Þorvaldsson áheyrnarfulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir frá Íbúasamtökum Háaleitis, Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis og Baldur Örn Arnarson sem ritaði fundargerð. Gestur fundarins undir fyrsta dagskrárlið var Ólafur Bjarnason, samgöngustjóri Reykjavíkurborgar.

Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um efni opins kynningarfundar um hljóðvarnir við Miklubraut.

Ólafur Bjarnason, samgöngustjóri Reykjavíkurborgar, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Ákveðið að Umhverfis- og Skipulagssvið, hverfisráð Háaleitis- og Bústaðahverfis og Íbúasamtök Bústaðahverfis sameinist um að boða til íbúafundar þar sem kynntar verða hugmyndir að gerð hljóðmana meðfram Miklubraut. Fundurinn verður haldinn í Breiðagerðisskóla mánudaginn 23. mars og hefst kl. 20:00.

2. Fram fer umræða um íbúafund um málefni Grensásvegur og Háaleitisbrautar sem haldinn var í Breiðagerðisskóla fimmtudaginn 12. mars.

3. Lögð fram umsókn Samtakahóps Bústaðahverfis dags. 6. mars 2015 um styrk vegna hátíðarhalda á sumardaginn fyrsta í Bústaðahverfi.

Ákveðið að veita samtakahópnum styrk að upphæð 50.000 kr.

- Kl. 16:45 vísur Hjalti Sigurðarson af fundi

4. Lögð fram umsókn Samfok dags. 14. mars 2015 um styrk vegna námskeiða um skólaráð. Afgreiðslu umsóknar frestað.

Fundi slitið kl. 17:15

Dóra Magnúsdóttir (Sign)

Hörður Oddfríðarson (Sign)
Sverrir Þór Sverrisson (Sign)

Elín Oddný Sigurðardóttir (Sign)